

Hrafnhildur Lúthersdóttir

29 Nóvember 2020

**Efni: Tillaga til þingslályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum, 537. mál.**

Ég, Hrafnhildur Lúthersdóttir, fyrrum landsliðskona í sundi fyrir Íslands hönd styð og fagna ofangreindri tillögu um mótun heildstæðrar stefnu um afreksíþróttafólk. Með því að auka fjárhagslegt öryggi og réttindi afreksíþróttafólks meðan þau stunda íþróttina sína þá munu þau haldast lengur í íþróttinni og geta þar af leiðandi verið fyrirmyndir fyrir komandi kynslóðir. Ég get sagt af eigin reynslu að ef ég hefði fengið þennan stuðning og launasjóð þegar ég var að keppa sem mest þá hefði ég eflaust ekki hætt þegar ég var aðeins 27 ára gömul, og frekar haldið áfram að keppa, haft minni áhyggjur af framtíð minni og mínum réttindum. Með því að hafa minni fjárhagslegar áhyggjur, þá geta íþróttamenn einbeitt sér frekar að sinni íþrótt og staðið sig sem best.



## Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 1. desember 2020

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum, 81. mál.**

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) fagnar ofangreindri tillögu um mótun heildstæðar stefnu um afreksfólk í íþróttum, sem yrði tímasett samhliða því að tryggður verði fjárhagslegur stuðningur við afreksíþróttafólk.

Afreksstefna ÍSí hefur verið til í fjölmörg ár en hún er samþykkt á Íþróttabingi ÍSí og unnin í samstarfi sambandsaðila ÍSí í undanfara Íþróttabinga ÍSí. Stefnan tekur á fjölmörgum þáttum afreksíþróttastarfsins og setur kröfur á sérsambönd ÍSí varðandi mótun afreksstefnu fyrir viðkomandi íþróttagreinar innan ÍSí. Ríkisvaldið styður við afreksíþróttastarf með framlögum í Afrekssjóð ÍSí og hefur sá sjóður tekið miklum breytingum á síðustu árum með auknu framlagi ríkisins. Samhliða því hefur faglegt starf sérsambanda og umgjörð afreksíþróttastarfsins tekið miklum framförum.

Mikilvægt er að tillögur sem snúa að fjárhagslegum stuðningi við afreksíþróttafólk sé til viðbótar við þann stuðning sem nú þegar er veittur afreksíþróttastarfi á Íslandi.

ÍSí vill jafnframt koma því á framfæri að mikilvægt sé að horfa til þeirrar vinnu sem nú þegar hefur farið fram gagnvart stefnumótun í afreksíþróttum og tryggja jafnframt áframhaldandi fjármögnun afreksíþróttastarfsins. Á næstu mánuðum liggur fyrir að endurskoða áherslur í afreksíþróttastarfi innan ÍSí, enda Íþróttabing ÍSí á dagskrá vorið 2021. Frekari stefnumótun stjórnvalda og þær áherslur sem íþróttahreyfingin setur á Íþróttabingi ÍSí þurfa að fara saman enda mikilvægt að unnið sé eftir sameiginlegum markmiðum ef árangur á að nást á alþjóðlegum vettvangi.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands lýsir sig reiðubúið til samstarfs um mótun heildstæðar stefnu með þeim hætti sem þurfa þykir.

**Með kveðju,  
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Líney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri



## Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

### Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks og tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum

Knattspyrnusamband Íslands hefur fengið ofangreindar tillögur að þingsályktunum til umsagnar. Þar sem tillögurnar eru af sama meiði þykir rétt að gefa sameiginlega umsögn um þær báðar.

#### Tillagan sem merkt er 81. mál hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra að móta heildstæða stefnu um afreksfólk í íþróttum í samvinnu við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og sveitarfélögin. Stefnan verði tímasett samhliða því að tryggður verði fjárhagslegur stuðningur við afreksfólk.

Ráðherra leggi fram á Alþingi tímasetta stefnu um afreksfólk í íþróttum fyrir 1. júní 2021.“

#### Tillagan sem merkt er 116. mál hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela mennta- og menningarmálaráðherra í samráði við fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram frumvarp til laga um launasjóð fyrir afreksíþróttafólk í einstaklings- og hópíþróttum. Tilgangur sjóðsins verði að auka fjárhagslegt öryggi afreksíþróttafólks og auka möguleika þess á að helga sig íþróttaiðkun sinni. Ráðherra leggi frumvarpið fram eigi síðar en á 152. löggjafarþingi.“

Stjórn KSÍ tekur undir efni tillagnanna og mælir með því að þær verði samþykktar. Af þessu tilefni er vert að taka fram:

1. Heildstæð stefna um afreksfólk í íþróttum er löngu tímabær og launasjóður fyrir afreksfólk er mikilvægur þáttur í þeirri stefnumótun. Verður að gæta þess að þetta nái einmitt bæði til iðkenda í einstaklings- og hópíþróttum.
2. Minnt er á mikilvægi þess að samþykkt verði frumvarp um skattalega hvata fyrir félög sem starfa til almannaheilla. Slíkur stuðningur gerir íþróttahreyfinguna betur í stakk búna til þess að sinna í senn grasrótar- og æskulýðsstarfi sem afreksstarfi.
3. Glæsilegur árangur íslensks íþróttafólks við misjafnar aðstæður á að vera Alþingi hvatning til þess að styðja við íþróttafólk með beinum hætti en ekki síður að tryggja aðstöðu og mannvirki sem standist alþjóðlegar kröfur.
4. Öflugt afreksstarf og glæsilegur árangur á sviði íþróttar skilar margföldum ávinningi inn í samfélagið bæði beint og óbeint.
5. Minnt er á að mikilvægt er að tryggja jafnrétti þegar fjallað er um réttindi íþróttafólks og möguleika þeirra á að nýta samfélagsleg úrræði. Má þar m.a. nefna stöðu íþróttakvenna sem ganga með og fæða börn, stöðu íþróttamanna sem sjálfstæðra verktaka og launamanna og reglur um möguleika íþróttafólks á stuðningi hins opinberra vegna meiðsla.
6. Vonast er eftir góðu samráði íþróttahreyfinguna í heild sinni svo að lagasetningin verði sem best og skilvirkust fyrir alla hlutaðeigandi.

Virðingarfyllst f.h. KSÍ

Guðni Bergsson  
Formaður

Klara Bjartmarz  
Framkvæmdastjóri

Reykjavík, 1. desember 2020

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

## **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum –151. löggjafarþingi 2020-2021 81. mál.**

UMFÍ fagnar því að málefni íþrótta sé til umfjöllunar og þingsályktunartillögu um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum.

Með sambærilegum hætti og fjallað er um í umsögn UMFÍ um tillögu til þingsályktunar um stofnun Launasjóðs afreksfólks í íþróttum þá er þróun málsins um heildstæða stefnu um afreksfólks í íþróttum til þess fallin að styrkja íþróttafólk og gera því betur kleift en áður að einbeita sér að ástundum íþróttar sinnar, sérstaklega í samvinnu við sveitarfélög og Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí).

Við hjá UMFÍ viljum benda á að [Íþróttastefna ríkisins](#) var kynnt með pomp og prakt í maí árið 2019. Stefnan, sem kveður á um og felur í sér mikið samráð og mikla samvinnu innan íþróttahreyfingarinnar, á að gilda til 2030. Fjármagn er þó ekki eyrnamerkt íþróttastefnunni sérstaklega og innleiðingu hennar, eins og fylgdi sem dæmi nýrri kvikmyndastefnu sem kynnt var nú í haust.

Samlegðaráhrif nýsamþykkrar íþróttastefnu og heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum sem hér er til umfjöllunar eru mikil. Raunsæra væri að halda íþróttastefnunni á lofti með heildstæðri stefnu um afreksíþróttafólk innanborðs og fjármagna þær báðar úr sama ranni. Við áréttum jafnframt mikilvægi þess að fjármagn til íþróttastefnu ríkisins og heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum komi til viðbótar við aðra fjármögnun en verði ekki klípið af þeirri köku sem þegar er ætlað til skipulags íþrótta- og æskulýðsstarfs, enda benda þær niðurstöður sem vísað er til í greinargerð tillögunnar um að 80% barna á aldrinum 11-17 ára fái ekki nægjanlega hreyfingu til þess að gefa þurfi enn frekar í.

Aðalatriðið er að viljinn er til staðar til að móta heildstæða stefnu um afreksfólk í íþróttum innan íþróttahreyfingarinnar í samstarfi við sveitarfélög.


UMFÍ fagnar því hversu mjög stjórnvöld beina sjónum sínum að íþróttastarfsemi á Íslandi um þessar mundir. En á sama tíma er mikilvægt að heildstæð stefna í afreksíþróttum verði ekki á kostnað þeirra verkefna og starfsemi sem fyrir er hjá ÍSí, UMFÍ, sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra um allt land.

Á sama tíma og UMFÍ styður tillöguna gagnrýnir UMFÍ að umsagnarbeiðnin sem hér um ræðir var hvorki verið send UMFÍ til umsagnar eða íþróttahéruðum. Við áréttum að fram kemur í [Íþróttalögum](#) að UMFÍ eru sjálfstæð félagasamtök á sviði íþrótta og falla málefni íþróttahéraða m.a. undir málefna svið UMFÍ.

## Vinum saman

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað. Allt sem leiðir til þess að gott verk verði enn betra.

Virðingarfyllst,  
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,  
framkvæmdastjóri UMFÍ